

ÁKVÖRÐUN nr. 174
frá 20. apríl 1999
um túlkun á 22. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71

(2000/141/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 3095/95 ⁽²⁾ frá 22. desember 1995 þar sem 22. gr. a er tekin upp og gildissvið a- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. rýmkað þannig að það nái til allra ríkisborgara aðildarríkjanna sem eru tryggðir samkvæmt löggjöf aðildarríkis og aðstandenda þeirra sem búa hjá þeim, jafnvel þótt þeir séu hvorki launþegar né sjálfstætt starfandi,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að greiða fyrir tímabundinni búsetu og aðgengi að meðferð, með leyfi frá þar til bærrí stofnun á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, skulu ákvæði a- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. ná til allra tryggðra einstaklinga og er nauðsynlegt að ná samkomulagi um skilning á hugtakinu „tryggður“ og þá hópa einstaklinga sem falla undir 22. gr. a.

Þar sem skilyrði fyrir rétti til bóta geta verið mismunandi í aðildarríkjunum og í vissum tilvikum er kveðið á um bætur í sérstakri löggjöf er nauðsynlegt að fastsetja gildissviðið sem kveðið er á um í 22. gr. a.

Við ákvarðanatöku skulu skilyrði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Þar sem 22. gr. a á við um einstaklinga sem eru ríkisborgarar aðildarríkis og tryggðir samkvæmt löggjöf aðildarríkis og aðstandendur þeirra sem eru búsettir hjá þeim ber að skilja hugtakið „tryggður samkvæmt löggjöf aðildarríkis“ svo að það nái til sérhvers einstaklings sem er ríkisborgari aðildarríkis og á rétt á aðstoð vegna veikinda samkvæmt löggjöf aðildarríkis, annaðhvort á grundvelli frjálsra trygginga, skyldutrygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga á öðrum forsendum en sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur vegna áhættu sem fellur undir þau svið almannatrygginga sem fjallað er um í reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Breytt og uppfært með reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 (Stjótíð. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1).

⁽²⁾ Stjótíð. EB L 335, 30.12.1995, bls. 1.

2. Enn fremur er átt við hvern þann einstakling sem er ríkisborgari aðildarríkis og fellur undir löggjöf aðildarríkis þar sem kveðið er á um aðstoð vegna veikinda á grundvelli annarra trygginga en nefndar eru hér að framan að undanskildum bótaþegum sem eiga einungis rétt á aðstoð vegna veikinda samkvæmt félagslegum kerfum, sjúkraaástoðarkerfum eða kerfum fyrir fórnarlömb stríða og afleiðingar þeirra.
3. Ákvörðun þessi tekur gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Arno BOKELOH
